

Nr. 20-010 S 005 Sigurborg SH 12***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr.: 2740
IMO: 9382671
Smíðaður: Pólland 2006, stál
Útgerð: Soffaníás Cecilsson ehf.
Stærð: 285 brl. 486 bt.
Mesta lengd: 28,94 m *Skráð lengd*: 25,98 m
Breidd: 10,39 m *Dýpt*: 6,6 m
Vél: Yanmar 514 kW, 2006
Fjöldi skipverja: 9



Sigurborg©Útgerð

Gögn:

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 5. júní 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 11. desember 2019 var Sigurborg SH 12 á togveiðum á Breiðafjarðamiðum. Veður: A 10 m/sek.

Skipverji var að sækja lás í netageymslu þegar hann hrasaði illa með þeim afleiðingum að hann brotnaði á rist og tognaði á öxl.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn kvaðst hafa rekið ristina á hægri fæti í skilrúm (40 cm hátt) á togdekkinu þegar hann var að fara inn í rennuna;
- að hann var með lokaðan hjálm sem hann taldi hafa orðið til þess að höfuðið slapp við áverka.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.